

VIII. KAFLI

Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni til að framleiðsluvara öðlist upprunaréttindi.

Aðvinnsla efna og aðvinnsluskrá.
28. gr.

Um tilskilda aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunaefni, gildir aðvinnsluskráin í viðbæti II við viðauka 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt skýringum í viðbæti I við sama viðauka, að teknu tilliti til breytinga sem leiddu af breytingu samræmdu tollskrárinnar þann 1. janúar 2002, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 126/2001.

6. febrúar 2002

Nr. 120

AUGLÝSING**um staðfestingu á mörkum sameinaðs sveitarfélags í austanverðu umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli, inn til landsins.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hefur ráðuneytið hinn 5. febrúar 2002 staðfest sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps í eitt sveitarfélag. Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sex sveitarfélögum.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að Þórsmerkursvæðið falli innan marka hins sameinaða sveitarfélags um leið og sameiningin öðlast gildi, þ.e. hinn 9. júní 2002.

Um er að ræða landsvæði sem Fljótshlíðarhreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur hafa deilt um lögsögu á. Þar sem sveitarfélögin hafa nú ákveðið að sameinast er ágreiningi um stjórnarsýslumörk þeirra nú lokið.

Mörkum hins umdeilda landsvæðis er lýst með svohljóðandi hætti í dómi Hæstaréttar frá 28. september 1995, í máli nr. 296/1994 (Hrd. 1995:2091):

„...landsvæði austan Markarfljóts milli Almenna að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ.e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur.“

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

8. febrúar 2002

Nr. 121

AUGLÝSING**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur veitt Íslandslaxi hf. í Klettsvík í Vestmannaeyjum, kt. 430894-2349, starfsleyfi til að reka fiskeldisstöð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6.